

Dvöl mín Eskimóa

(Framh. frá 3. bla.)

sjóða, svo að hvert þessara heimila hlýtur að hafa fengið mun meira en þau þurftu í mál. Meðan við sátum að snæðingi, voru okkur einnig færðar matargjafir; virtist hverri húsmóður vera kunnugt um, hvað hinar suðu, og hefði hún eitthvert sælgæti fram yfir hinar, þá sendi hún það, en af þessu leiddi, að smástúlkur voru altaf öðruhvort að koma í gættina til okkar með eitthvað aukreit, í handa okkur. Sumt var beinlínis ætlað mér; — mamma hafði sagt að hvernig sem við annars skiftum hinu, væri nýrð ætlað mér; eða mamma hefði sent mér þessa litlu ögn af sælgæti með þeim, ummælum, að ef ég vildi borða hjá sér í fyrirlit, skyldi eg fá heila grön; annar félagi minna væri nú að borða hjá þeim og segði, að eg teldi grönina bezta bitan af selnum.

Meðan við snæddum sátum við framan á pallinum, þar sem menn sváfu, með matarbitanum í vinstri hendi og hnifinn í þeirri hægri. Eg hafði nú aldrei borðað með eir-hnif fyrri, en hann var nógu beittur og mjög svo hentugur. Eir-stykkið, sem blaðið hafði verið snúðað úr, hafði, að því er fólk sagði mér, fundist norður á Victori-eyju á veiðistöðvum annar ættar, en af þessu komið það keypt stykkið fyrir nokkuð af rekavið frá meginlandinu. Húsmóðirin sat mér til hægri handar, gegnt suðu-kerinu, en bóndinn á vinstri hlið. Þar eð húsið var eitt af þessum almennum sporaskjúlögðu snjó-strypum, sjó sinnum níu fet að innan máli, gátum við að eins þrjú setið framan á hinni tveggja feta háu snjóbrík, en á hana voru breiddir hreindýrar, bjarnar og moskusuxa-feldir, sem sængur-klæði. Börnin urðu því að borða standandi á gólfinu, til hægri handar við dýrnar, er inn var gengið; aftur á móti tók suðukerið, mataráhöldin og tröurnar til þess að þurka klæðin á upp allan vinstri helminginn. Í hinni skeifumynduðu dýragætt stóðu þrjár hundar húsbóndans og biðu þess, að einhver væri búinn að naga bein sitt, en við flegðum þeim þá hverju á fætur öðru í hundana, er fóru með þau út í göngin og sneru aftur jafnharðan og þeir voru búnir með þau. Þegar máltíðin var á enda, snáfuðu þeir allir burtu af sjálfðáðum, hringuðu sig niður í göngunum eða fyrir utan og fóru að sofa.

Það var tvírett að hjá okkur, fyrst kjöt og síðan súpa. Súpan er búin til á þann hátt, að köldu, selabliði er helt út í soðið jafnskjött og kjötið hefir verið fært upp úr pottinum, og svo er hrært í öllu saman, þangað til komið er undir suðu, en aldrei full-soðið. Með þessu verður súpan álika þykk og enskar baunir, en ef hún fengi að sjóða, myndi blóðið lifra og setjast á botninn. Þegar rétt er komið að suðu, er slókt á suðukerinu, sem potturinn hangir yfir, og nokkrum hnifum af snjó því næst sáldað út á, svo að hægt sé að drekka súpana. Með of-litilli ausu fyllir húsmóðirin síðan moskushornin og fær hverjum sitt drykkjarhorn. Sæu hornin ekki nógu mörg, verða tveir eða fleiri að drekka tvímenning, eða sumir að biða þangað til hinir eru búnir.

(Framh.)

"Þríveldis-sambandið" nýja.

Eftir Sir Leo Chiozza Money.

Oss hættir við að gleyma því, að verkamannaáæðirnir eiga ekki röt sína að rekja til ófriðarins. Þær eru eins gamlar og iðnaðurinn. Hendingarnar þessar: "Þá Adam mokaði og Eva spenn, gat eigi að líta heldri mann", voru

ekki kveðnar út í hafróti stjórnarbyltingarinnar í Rússlandi, heldur á 15. öld hér í Englandi.

Oánægja þeirra manna, sem vinna hjá öðrum og hinum, sem fá ekki vinnu hjá öðrum, hefir auðvitað magnast um helming-við það, að England gerðist land stór-iðnaðarins; í stað þess að halda áfram að vera akuryrkjuland. Og þá hefir alþýðmentunin ekki heldur orðið til þess að draga úr henni, síður en svo. Orðin: Verkamannaáæðir voru fyrst notuð af blaðamönnum árið 1907, og síðan voru þau orðin mjög algeng þegar fyrir stríðið.

Nokkrum mánuðum fyrir stríðið fór að bóla á meiri samvinnu-hugmyndum með verkamönnum en áður og þær leiddu til þess að stofnað var bandalag verkamanna. Ín í þetta bandalag gengu þrjú mikil verkamannafélög, járnbraut-armannafélagið, flutningamannafélagið og námmannafélagið. Öll þessi félög stofnuðu með sér sameiginlegt ráð og framkvæmda-vald. Bandalag þetta var stofnað haustið 1914.

Nú á þessum stríðsárum hefir komist los á svo margt, og iðnað-armálin krefjast nú bráðrar úrlausnar. Það er margt, sem verður að reisa alveg að nýju og það er enginn efi á því, að Verkamannabandalagið verður mikið við þá endurreisn ríðis.

Það vill nú líka svo ógæfulega til — að því er eg álit — að að eins einn leiðtogi þessara verkamannafélaga er í Parlamentinu. Flutningamannafélagið hefir Mr. Robert Williams fyrir foringja; Mr. J. H. Thomas er fyrir járnbrautamannafélagið og Mr. R. Smillie fyrir námmannafélaginu. Það er Mr. J. H. Thomas, sem á sæti í Parlamentinu og hefir getið sér þar allgóðan orðstír. Mr. Smillie hefir hvað eftir annað lent í hörðum deilum á ýmsum fundum við forsætisráðherrann og þótt jafnan bera sigur úr býtum í þeim sennum. Robert Williams er talinn mjög líklegur til þess að koma á þing áður en langt um líður.

Og það eitt má telja víst og áreiðanlegt, að þegar allir þessir menn fara að beita sér af kappi fyrir einhverju máli, hljóta þeir að fá miklu til vegar komið, því að þeir eiga hver um sig mikinn flokk og traustan að baki sér. Í námmannafélaginu eru 800,000, í járnbrautamannafélaginu eru 450,000 og í flutningamannafélaginu 300,000; samtals 1,550,000. Og



NÝ LÆKNINGARÁÐFERÐ SEM ÚTRÝMIR GIGTINN VONDU

75c. Pakki Ókeypis til Reynals.

Í Syracuse, N. Y., hefir verið uppgötvuð spá-ny lækning við gigtveiki, og sem hundar hafa hafa alirefðu reynt og fundið óvirkjanlega — sum tilfellið líkjað jafnvel kraftverkum. Að eins stutt brokun meðalins hefir læknað, þá öll önnur meðul reyndust rangursæu. Það virðist vinnu best nýggja í gigtveiki þó girta-það v og þar með ryður það eitt styflunum úr blóð-mönnum, sárind, verkur, stríðsléi, bóga, virðast hverja á svipstundu.

Þessi lækning, fyrst ótend af Mr. Delano, er svo góð, að hann vill að allir, sem þjást af gigt, eða eiga vinnu sem veikur eru af gigt, fái 75 centu pakka ókeypis, til að sannaferast um hvað metalið geti gert — áður en þeir eyða nokkru centi. Mr. Delano segir: "Til að sanna, að Delano lækningin á reifanlega útrými gigt, hversu gömul sem hún er eða mikil og jafnvel eftir að öll önnur ráð eru reynd, þá vill eg ef þú hefir ekki áður notað þetta — senda þér fullan 75c. pakka ókeypis, — ef þú ást eins skert úr þessu auglýsingu og sendir mér nafn þitt og áritun og 10 cts. fyrir burðargjald."

F. H. Delano, 1078 Wood Bldg., Syracuse, N. Y. — Eg get að eins sent einn pakka ókeypis til hvers heimilis.

Pantlafr fyrir Delano's Rheumatic Conqueror verða fyltar frá vorum Canadisku lyfjastofnum til að ríast við tollina.

alls starfa í öllum þessum þremur atvinnugreinum, með þeim mönnum, sem eru ekki ennþá í félögum þessum, um 2,400,000 verkamenn og það má gera ráð fyrir því að þeir fylgist allir að málum, þegar um einhver mikilvæg mál-efni er að ræða, sem varða mjög atvinnuveg þeirra. Og það mun ekki of í lagt þótt gert sé ráð fyrir, að af þessum 2,400,000 verkamönnum sé um 1,600,000 giftir menn, sem eiga fyrir konum og börnum að sjá og á hverju heimili þeirra má gera ráð fyrir að sé um fimm manns; svo á þessum þremur atvinnugreinum lifa þá um 8,800,000 manna, sem líta stjórn hins sameiginlega verkamannaráða.

Og þegar þess er gætt að öll brekka þjóðin er nú 46,700,000, þá ráða þessir þrír fyrirliðar yfir ekki minna en einum fimta hluta, allrar þjóðarinnar.

Allur þessi fjöldi verkamanna vinnur þau verk, sem kemur alþjóð að notum og henni ríður á að séu vel og dyggilega af hendi leyst; en þó eru allar þessar atvinnugreinar í höndum einstakra manna. Það hefir sem sé verið venja að allir atvinnuvegir, sem þjóðin lifir á, hafa verið látnir alveg afskiftalausir af stjórn lands og þjóðar. Hinir einstöku atvinnurekendur ráða þar að heita má lögum og lofum.

Námurnar eru að visu eign ensku þjóðarinnar, en það er að eins í orði kveðnu og ekki meira. Þær eru alveg í höndum einstakra manna, og hver eigandi hugsar mest um það að græða eins mikil á þeim og kostur er. Sama er að segja um járnbrautirnar, þar keppir hvert járn brautarfélagið við annað og hagar ferðum sínum alt annað en æskilegt er, að eins að fá sem mest grætt á hlutabréfum sínum, án þess að taka tillit til hvað almenningi hentar og hagkvæmast væri í raun og veru.

Og nú stiga kröfur verkamanna. Kolanámumennirnir heimta að kaup þeirra sé hækkað um 30 % og verður það þá líklega um 4 pd. 5 a. um vikuna og getur það ekki heitið ýkja hátt, þegar það er borið saman við kaup námumanna vestan háls og í Þýskalandi. Þar hefir hver námumaður 7½ um vikuna (um 21 kr. á dag). Þar næst krefjast þeir að fækkað sé vinnustundunum svo að þeir vinni ekki nema 6 stundir á dag og 7. kl.st. gangi í það að fara upp og niður námurnar. Og þetta eru ekki nema sanngjarnar kröfur, þar sem þessir menn leggja sem stund á hættulegustu atvinnugrein landsins. Og það væri sannarlega illa farið, ef þjóðarhagurinn væri að eins reistur á sveita þessara manna og þyldi ekki að þeir kæmst að polanlegum kjörum. En það er svo fyrir þakkandi að hann þolir það.

Það eru helzt til margir, sem hafa kolin fyrir fétu og þess vegna verða þau sýnu dýrari en þau þyrftu að vera, ef vel væri á haldið. En það verður ekki nema því að eins að ríkið taki að sér allan námureksturinn og sölu á kolunum. Það er eina leiðin til þess að almenningur geti fengið kolin við hæfilegu verði og námumennirnir geti lifað polanlegu lífi.

Hin verkamannafélagin bæði fara fram á kauphækkun og fækkun vinnustunda. Járnbrautamennirnir vilja nú hafa hönd í bagga með stjórn og fyrirkomulagi félaganna, það er að segja, vilja eiga fulltrúa í stjórn þeirra, og berjast þar að nuki fyrir því að ríkið taki allar járnbrautir í sínar hendur.

Flutningamannafélagið fer sömu leiðin fram á fækkun vinnustunda og að allt flutningsgjald verði hækkað um 20%. Þeir vilja fá ráðið bót á því að þeir þurfi að standa og slóra tímum saman og biða eftir vinnu eða með öðrum orðum að gerðar séu allmiklar breytingar til bóta á atvinnugrein þeirra.



Þegar fram líða stundir verða þessar kröfur verkamannafélaganna áhitar svo vægar í alla stöði að mönnum mun tæplega skiljast hvernig á því hefir staðið, að þeir hafi ekki fengið þær uppfyltar alveg umvífalaust, án þess að þeir, sem hér eiga hlut að máli og áttu að verða við þeim, vildu nokkuð tvínóna við það.

Vér fáum aldrei komið á iðnaðarfríði, ná gert menningu vora sömasamlega, nema því að eins að lýðvaldsinnar fái að hafa hönd í bagga með stjórn á öllum iðnaði. Vér verðum að athuga mál þetta skynsamlega og hleypidómalaust. Til hvers er að halda fram lýðvaldskenningum, þegar fólk er látið lúta ábyrgðarlausum iðnaðarstjórnun, sem hugsa ekki um annað en að skara eld að sinni köku. Og það er ekki svo ýkja erfitt að sjá hvern enda þetta hefir. Það getur ekki farið nema á einn veg, og því er um að gera að vinda nú bráðan bug að því að ráða þessum vandamálum sem fyrst farsælega til lykta.

Nú er tækifæri fyrir stjórna að sýna rögg af sér og hyggindi í því að koma vel og viturlega fram við verkamannastjórna. Því ef hún leggur námurnar undir ríkið, járnbrautir allar og flutningafyrirtæki og fær bæði heila og hendur verkamanna í lið með sér til þess að koma á hagkvæmu fyrirkomulagi á atvinnugreinir þeirra, þá

ÍSLENDINGA DAGURINN/ I ARBORG, MAN.

Verður haldin í nýja skemtigarði Árborgar
2 Ágúst 1919

Til skemtana verður, kapphlaup margskonar, íslensk glima, afraun á kaðli og knattleikur, ásamt eftirfarandi ræðum, söngvum og kvæðum:

Söngflokkurinn: Eldgama fsafold.
Ræða: Minni Íslands Capt. Sigr. Jónsson.
Kvæði: ort af Dr. S. E. Björnssyni.
Söngflokkurinn: Þjóðsöngur Canada.
Ræða: Minni Canada I. Ingaldson.
Söngflokkurinn:
Ræða: Minni Vestur-Íslendinga Séra Jóhann Bjarnason.
Söngflokkurinn:
Ræða: Þjóðræknisfélag V.-Ísl. Stef. Einarsson.
Kvæði: Um Þjóðræknisfélagið ort af S. E. Einarsson.
Söngflokkurinn: Þjóðsöngur Breta.

Dans í Templarhúsinu frá kl. 8. e. h. til miðnætts. Þar verður og verðlaunadans. Góður hljóðfærsláttur.

Máltíðir kaffi, áldini, og svaldrykkir vera seldir í garðinum. Hátíðin byrjar kl. 10 að morgni. Kapphlaup og einn knattleikur fara fram fyrir hádegi. Glimur og kaðal-afraun frá kl. 1—2. Ræðuhöld byrja kl. 2. e. h. Knattleikur og fleira aftur kl. 4. e. h.

Íslendingar! Fjölmennið og gerð þjóðminningardaginn eins skemtilegan, uppbyggilegan og íslenskan og föng eru á.

Íslendingadagsnefndin í Árborg.

getur hún veitt nær því 9,000,000

manns frið og gert þá ánægða.

Það hlýti að verða stórt spor í áttina til iðnaðarfríðarins og vér vonum fastlega að hún stigi það

spor áður langt um líður.

(Lauslegt ágríp úr "The London Magazine", maí-hefti þ. á.)
(Frón.)

Heimskringla

til næstu áramóta fyrir

25 cent.

Nýtt kostaboð.

Nýir áskrifendur, er senda oss 75 cts. fyrir söguna "Viltur Vegar" og 25 cts. aukreit, fá blaðið sent sér til næstu áramóta. Þetta kostaboð stendur aðeins stuttan tíma.

Kaupendur blaðsins gerðu oss mikinn greiða, ef þeir vildu góðfúslega benda nágrönnum sínum, sem ekki eru áskrifendur, á þetta kostaboð.

The Viking Press Ltd.

Box 3171 -- Winnipeg.